

**435. fundur velferðarnefndar**  
**haldinn í fundarsal bæjarstjórnar í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði, 17. janúar 2019**  
**og hófst hann kl. 08:10.**

**Fundinn sátu:**

Tinna Hrund Hlynisdóttir formaður, Þórir Guðmundsson var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Gunnhildur Björk Elíasdóttir, Hulda María Guðjónsdóttir aðalmaður, Bragi Rúnar Axelsson aðalmaður og Auður Helga Ólafsdóttir aðalmaður.

**Embættismenn:**

Sædís María Jónatansdóttir, deildarstjóri félagsþjónustu, Margrét Geirsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs og Sigríður Hulda Guðbjörnsdóttir, ráðgjafi á velferðarsviði.

**Fundargerð ritaði:** Sædís María Jónatansdóttir, deildarstjóri í félagsþjónustu.

Bragi Rúnar Axelsson vék af fundi undir umræðu um 5. lið dagskrárinnar.

**Dagskrá:**

**1. Trúnaðarmál. - 2011090094**

Ekkert trúnaðarmál lagt fram.

**2. Stígamót - styrkbeiðni - 2016090015**

Lagt fram bréf dags. 31. október 2018 frá Þórunni Þórarinsdóttur þar sem óskað er eftir fjárstuðningi og samstarfi um reksturinn.

*Velferðarnefnd Ísafjarðarbæjar samþykkir umsóknina á sömu forsendum og verið hafa. Velferðarnefnd hefur gert ráð fyrir styrknum í fjárhagsáætlun 2019.*

**3. Fjölsmiðja - samstarfsverkefni Starfsendurhæfingar og Vesturafls - 2014090066**

Lögð fram drög að samningi Ísafjarðarbæjar og Vesturafls um Fjölsmiðju.

*Velferðarnefnd lýsir ánægju sinni með samninginn og leggur til við bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar að hann verði samþykktur. Gert er ráð fyrir styrknum í fjárhagsáætlun ársins 2019.*

**4. Samstarfssamningur - 2014050003**

Lögð fram drög að samningi Ísafjarðarbæjar og geðræktarmiðstöðvarinnar Vesturafls.

*Velferðarnefnd lýsir ánægju sinni með samninginn og leggur til við bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar að hún samþykki hann. Gert er ráð fyrir styrknum í fjárhagsáætlun ársins 2019.*

**5. Jafnréttisáætlun og jafnlaunakönnun - 2010050008**

Lögð fram jafnréttisstefna Ísafjarðarbæjar sem velferðarnefnd hyggst endurskoða á næstu mánuðum. Unnið verður að endurskoðun í tengslum við heimsókn frá

Jafnréttisstofu sem mun kynna tvenn lög um bann gegn mismunun á grundvelli fleiri þátta en kyns.

*Velferðarnefnd mun skipuleggja vinnufundi í tengslum við heimsókn Jafnréttisstofu og endurskoðun á jafnréttisáætlun Ísafjarðarbæjar.*

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 09:05**

---

Tinna Hrund Hlynsdóttir

---

Gunnhildur Björk Elíasdóttir

---

Hulda María Guðjónsdóttir

---

Bragi Rúnar Axelsson

---

Auður Helga Ólafsdóttir

---

Sædis María Jónatansdóttir

---

Margrét Geirsdóttir

---

Sigríður Hulda Guðbjörnsdóttir